

Nd.

58. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verði 6. gr., en núverandi 6. gr. verði 7. gr. o. s. frv. Greinin hljóði svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að kaupgreiðsluvísitala, eins og hún hefur verið reiknuð samkvæmt 5. gr., skuli hækka um 1 stig í hvert skipti hinn 1. maí og 1. nóvember 1968 og hinn 1. maí 1969.
Á árinu 1968 skulu lögboðnar bætur lífeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 5%. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.
Hækkun samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar skal greidd að fullu úr ríkissjóði.
Eigi skal greiða tekjuskatt né tekjuútsvar af hækkun fjölskyldubóta samkvæmt 2. málsgr. þessarar greinar.
2. Fyrsti málsliður 15. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:
Sjóður sá, sem um ræðir í 15. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967 og 1968, aðrar en síldar- og loðnuafurðir, svo og á frystar rækjur, framleiddar á tímabilinu október—desember 1967 og á árinu 1968.
3. 19. gr., sem verður 20. gr., orðist svo:
Hver sá einstaklingur, sem fer frá Íslandi til annarra landa, skal greiða gjald til ríkissjóðs, sem nefnist farmiðagjald, samkvæmt ákvæðum 21.—25. gr.
Undanþegnar gjaldskyldu eru lögskráðar áhafnir skipa og loftfara svo og börn undir 7 ára aldri. Enn fremur erlendingar ferðamenn og útlendingar við atvinnustörf á Íslandi. Þó eru hinir síðarnefndu því aðeins undanþegnir gjaldskyldu, að dvalartími þeirra sé skemmri en eitt ár.
4. Við 31. gr. í stað „1. nóvember 1967“ í 1. málsgr. komi: 1. janúar 1968.